

14. fundur stjórnar Pekkingarsetursins Nýheima

15. janúar 2014, kl. 10:00 – Nýheimum, Höfn í Hornafirði, Kirkjubæjarklaustri, Vík og á Selfossi
í fjarfundi

Mætt:

Ragnhildur Jónsdóttir, formaður stjórnar
Eyjólfur Guðmundsson, variformaður stjórnar
Árdís Erna Halldórsdóttir, Ríki Vatnajökuls
Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofa Suðausturlands
Vala Garðarsdóttir, Hornafjarðarsöfn
Tinna Björk Arnardóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Fanney Björg Sveinsdóttir, SASS

Fundarstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir

Fundarritari: Eyjólfur Guðmundsson

Auk þess: Ásgerður Gylfadóttir bæjarstjóri

Klaustur: Ólafía Jakobsdóttir Kirkjubæjarstofu og Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri

Vík: Árni Rúnar Þorvaldsson verkefnastjóri

Selfoss: Ásmundur Páll Sverrisson Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi, Sigurður

Sigursveinsson Háskólafélagi Suðulandsog Þórarinn Sólmundarson Mennta- og
menningarmálaráðuneytinu

Dagskrá

Ragnhildur setti fundinn og rakti tilefni hans sem var tengsl og samstarf Pekkingarsetursins Nýheima og Skaftárhrepps.

Þórarinn taldi að verkefnin væru annars vegar að ganga frá skipulagi framhaldsfræðslu og síðan samstarfi á Suðurlandi til lengri tíma. Rætt um fjármögnun á framhaldsfræðslunni á þessu ári. Þórarinn mun senda útlistun á fjármögnuninni til þeirra sem eru að vinna í málínu. Ásgerður segir að bæjarráð geti tekið fyrir beiðni um húnæðisfyrirgreiðslu á fundi á mánuðag. Stjórn Fræðslunetsins mun funda eftir helgi um málið. Lagt til að Ásmundur og Eyjólfur vinni í því að hnýta lausa enda hvað varðar fjármögnun Fræðslunetsins þannig að það geti farið að sinna Suðausturlandi. Einnig rætt um mikilvægi þessa að tryggja fasta grunnstarfsemi á Klaustri og að koma á dreifnámi með svipuðu fyrirkomulagið og verið hefur á Patreksfirð í mörg ár. Afgreiðsla á Sóknaráætlun einnig mikilvæg til að tryggja grunnstarfið á Klaustri og í Vík.

Sigurður benti á að margt hefði gerst á árinu 2013 svo sem uppbygging starfsemi á miðsvæðinu, stofnun Pekkingarseturs Nýheima og öflug uppbygging í Fjölheimum.



Ragnhildur ræddi um viljayfirlýsingu Þekkingarseturs Nýheima og annarra þekkingaraðila á austurhluta Suðurlands. Mun senda hana út næstu dag til undurritunar.

Vala opnaði umræðu um menningarmál og samstarf á því svið svo sem fornleifarannsóknir. Ríkur vilji til slíks samstarfs en þó vantar þar eins og í framhaldsfræðslunni fastan grunn á Klaustri.

Rætt um að ganga frá samningi við Þekkingarsetrið Nýheima. Á allt að vera klárt en æskilegt að gera atburð úr undirritun ráðherra og senda út fréttatilkynningu. Ragnheiður og Þórarinn vinna í því máli.

Fanney vakti máls á þeirri stefnumótunarvinnu sem nú færí fram í Nýheimum og að áhugi væri að tengja hana við Skaftárhrepp og aðra á Suðulandi. Menn sammála um að mikilvægt sé að heildarstefnumótunarvinna fari fram á svæðinu til að ná saman ólíkum stofnunum og ólíkum sviðum sem vinna að þróun og uppbyggingu þekkingar.

Rætt um heimsókn Klaustursmanna í Nýheima og ákveðið að þegar búið væri að ganga frá lausum endum þá yrði slík heimsókn skipulögð.

Árni vakti máls á því að mikilvægt væri að gengið verði frá Sóknaráætlun. Þórið greindi frá því að málið væri tekið fyrir á ríkisstjórnafundi á föstudaginn. Framlag fer frá um 400 milljónum niður í um 100 milljónir en áfram tryggt að samtök sveitarfélaga verða með forræði fjárlins.

Ragnhildur tók saman niðurstöður fundar í lokin. Ganga þarf frá fjármögnun Fræðslunetsins og skrifa undir samning ráðuneytis og Þekkingarseturs Nýheima. Ríkur vilji er til samstarfs á svæðinu um þekkingarmál. Heimsókn Klaustursmanna verður skipulögð og stefnt að stefnumótunarvinnu fyrir allt Suðurland þegar búið er að hnýta lausa enda.

Fundi slitið klukkan 11.

Eyjólfur Guðmundsson

Eyjólfur Guðmundsson

Ragnhildur Jóns.